

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	9. 1. 2018
Málsnr:	1801286
Bréfal:	130. 4



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Ráðhús Hafnarfjarðar, Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 8400 postur@for.is  
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 31. desember 2017  
Tilv.: FOR17120172/9.1.3

Efni: Umsókn um stofnun fasteignar (þjóðlendu) skv. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, með síðari breytingum.

*Heiti fasteignar:* Afréttur Álftaneshrepps hins forna.

Landsvæði það sem hér óskast stofnað er þjóðlenda, samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 2/2004, dags. 31. maí 2006 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 768/2009, dags 11. nóvember 2010. Um hana fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afréttu, nr. 58/1998, með síðari breytingum. Umraedd þjóðlenda er innan staðarmarka Hafnarfjarðarkaupstaðar skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. S-1/2011, dags. 20. júní 2014 og dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 862/2016, dags. 16. nóvember 2017.

*Landeigandi:* Íslenska ríkið, skv. 2. gr. laga nr. 58/1998.

*Kennitala:* 540269-6459.

*Fyrirsvarsmaður:* Forsætisráðherra, skv. d-lið, 5. tölul. 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 84/2017, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

*Skyring og fyrirvarar:*

### Afréttur Álftaneshrepps hins forna

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. Afréttur Álftaneshrepps hins forna er þjóðlenda og afréttur jarða í Álftaneshreppi hinum forna, nú Garðabæ, Hafnarfirði og sveitarfélagit Álftanesi:

*Frá Húsfell er dregin lína suðaustur í Prihnjúka og þaðan í Bláfallahorn. Frá Bláfallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera linuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við linu sem liggur frá Húsfell með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadöllum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri linu síðan fylgt í áðurnefnt Húsfell.*

Fyrir hönd ráðherra

*Regina Sigurdard.*  
Regina Sigurðardóttir

*Örn Guðleifsson*  
Sigurður Örn Guðleifsson

## 7. ÚRSKURÐARORD<sup>700</sup>

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna, nú Kópavogsbærar, Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá Sýslusteiini austan Lyklaflells eftir árfarvegi Lyklaflellsárinnar fyrir sunnan Lyklaflell og niður í Nautapoll. Úr Nautapolli meðfram heiðarbrún í vatnsfarveginn við norðurenda Vatna-ássins. Úr því ræður norðurkvísl Lyklaflellsárinnar þangað til hún fellur í Fossvallaá. Syðsta kvíslin af Fossvallaám frá Lækjarmóti, sem rennur frá bænum, ræður upp að þífu, sem stendur í Holtstanga fyrir neðan Neðrivötn, þaðan til útsuðurs í mógrýtisklett, með rauf i, er snýr suður, þaðan í Sandfellshnjúk. Þaðan til norðvesturs í suðvesturhorn á Selfalli og þaðan í Markhól. Úr Markhól í Húsfell, þaðan í Þríhnjúka og áfram í Bláfjallahorn. Síðan eftir hæstu tindum Bláfalla í stöpul á Vífilsfelli. Þaðan í fyrrgreindan Sýslustein.*

Sama landsvæði er jafnframt afréttur jarða í Seltjarnarneshreppi hinum forna, nú Seltjarnarneskaupstað, Kópavogsbær og Reykjavíkurborg, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Landsvæði það sem afmarkað er hér á eftir, þ.e. Afréttur Álfstaneshrepps hins forna (norðaustanverður hluti Almenningsskóga Álftaness), er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

*Frá Húselli er dregin lína suðaustur í Þríhnjúka og þaðan í Bláfjallahorn. Frá Bláfjallahorni vestur í Litla-Kóngsfell og þaðan í norðaustur í átt að Stóra-Kóngsfelli þar til norðurmörk Krýsuvíkur skera línuna. Þaðan ráða dæmd norðurmörk Krýsuvíkur þar til komið er að skurðarpunkti við línu sem liggur frá Húselli með stefnu yfir Hæstaholt á Dauðadöllum. Frá þeim skurðarpunkti er þeirri línu síðan fylgt í áðurnefnt Húsfell.*

Sama landsvæði er jafnframt afréttur jarða í Álfstaneshreppi hinum forna, nú Garðabæ, Hafnarfírði og sveitarfélagit Álfanesi, í skilningi 1. gr. og b-liðar 7. gr. laga nr. 58/1998.

Skógræktarsvæði norðan Krýsuvíkur en sunnan Garðakirkjulands, sem er til meðferðar í máli þessu, svo sem það er afmarkað hér á eftir, er þjóðlenda í skilningi 1. gr., sbr. einnig a-lið 7. gr. laga nr. 58/1998:

---

<sup>700</sup> Sjá til skýringar fylgiskjal nr. I (Kort). Við afmörkun þjóðlendu í hverju máli fyrir sig er miðað við orðalag í fyrirliggjandi heimildum um það landsvæði sem til meðferðar er. Blæbrigðamunur kann því að vera á lýsingum á sömu línu á milli einstakra mála.